Sþ. **423. Fyrirspurnir.** [227. mál]

I. Til utanríkisráðherra um erlend sendiráð á Íslandi o. fl.

Frá Ingvari Gíslasyni.

1. Hve mörg eru ríkin, sem íslendingar hafa stjórnmálasamband við?
2. Hvaða erlend sendiráð starfa í Reykjavík?
3. Hve fjölmennt er allt starfslið hvers sendiráðs um sig, og hver eru stöðuheiti starfsmanna þeirra?
4. Hverjar eru skráðar eignir erlendra sendiráða og sendiráðsfólks hér á landi:
   a) fasteignir,
   b) bifreiðar?
5. Hversu mikið fjölskyldulið fylgir erlendum sendiráðsstarfsmönnum hér?
6. Hvaða ríkisstjórnir erlendar eða aðrir erlendir aðilar starfrækja hér á landi fasta upplýsingastarfsemi og fréttamiðlun, og hve margt fólk vinnur að slíkum störfum á vegum hvers um sig?

II. Til sjávarútvegsráðherra um rannsókn rækjumiða við Grímsey.

Frá Ingvari Gíslasyni.

1. Hvað líður rannsókn rækjumiða við Grímsey?
2. Er vitað um stærð rækjustofnsins þar og veiðiþol?